



Fréttatilkynning, skal ekki birtast fyrr en 14. Mars kl. 9:30 að evrópskum tíma (CET)

Norræn fræðaverðlaun veitt ungum íslenskum heimspekingi

(Bergen, 14.03.2019) Í dag var tilkynnt um það að heimspekingurinn Finnur Dellsén hefði hlotið Nils Klim-verðlaunin fyrir rannsóknir sínar á þekkingarfræði og vísindaheimspeki.

Nils Klim-verðlaunin eru á hverju ári veitt norrænum fræðimanni yngri en 35 ára. Verðlaunin eru 500.000 norskar krónur (sem samsvarar 7 milljónum íslenskra króna) og eru veitt fyrir framúrskarandi rannsóknir á sviði hugvísinda, félagsvísinda, lögfræði og guðfræði. Nils Klim-verðlaunin heyra undir Holberg-verðlaunin sem eru í umsjá Háskólans í Björgvin fyrir hönd norska menntamálaráðuneytisins. Finnur mun taka við verðlaununum við athöfn í hátíðarsal Háskólans í Björgvin þann 5. júní.

Flóknar spurningar verða einfaldari

Finnur Dellsén er dósent í heimspeki við Háskóla Íslands. Hann gegnir einnig hlutastarfi sem dósent II við Háskólann í Innlöndum í Noregi. Finnur hefur í rannsóknum sínum lagt höfuðáherslu á þekkingarfræði og vísindaheimspeki.

Tone Sverdrup, formaður Nils Klim-nefndarinnar, segir Finnur vera framúrskarandi og frumlegan heimspeking. „Þrátt fyrir ungan aldur er hann í fremstu röð á sínu sviði með fjölda fræðigreina í þekktum, alþjóðlegum tímaritum“ segir hún. „Finnur Dellsén fjallar um mjög flókin heimspekileg viðfangsefni á skýran og greinargóðan hátt. Hann er nákvæmur bæði í rökgreiningu sinni og eins í mati á öðrum útskýringum sem til greina koma,“ bendir Tone Sverdrup á. „Nefndin hreifst af því hvernig Finnur leysir úr heimspekilegum álitaeftum með frumleika sínum, innsæi og nákvæmni.“

Að lifa í óvissu

Finnur lauk doktorsprófi árið 2014 með ritgerðinni *The Epistemology of Science: Acceptance, Explanation, and Realism*. Hann leitar sérstaklega svara við nokkrum spurningum sem tengjast vísindalegri hluthyggu, m.a. því hvernig maður gerir grein fyrir mismunandi útskýringum á sömu vandamálum, sem allar miða að sama marki, og muninum á því annars vegar að samþykkja vísindalega kenningu og hins vegar að trú á hana.

„Vísindin snúast um að uppgötva staðreyndir, en það eru ekki allar staðreyndir jafn merkilegar“ segir Finnur um rannsóknir sínar. „Stundum sýna vísindin okkur hvernig hlutir velta hver á öðrum – til dæmis í orsakasambandi – og það gerir okkur kleift að spá fyrir um, skýra og skilja heiminn í kringum okkur. Í rannsóknum mínum hef ég reynt að sýna hvernig og hvers vegna staðreyndir af þessu tagi eru grundvöllur vísindanna. Og ég hef líka rökstutt að ekki sé hægt að uppgötva staðreyndir af þessu tagi nema við lærum að lifa með þeirri óvissu sem fylgir því að smíða metnaðarfullar kenningar.“

Holberg-verðlaunin veitt fræðimanni sem er fremstur í sinni röð í rannsóknum á kynþáttahatri

Í dag var einnig tilkynnt um það að breski menningarfræðingurinn Paul Gilroy hefði hlotið Holberg-verðlaunin 2019 fyrir sérlega áhrifamiklar rannsóknir m.a. á sviði kynþáttafræða og

síðnýlendustefnu. Gilroy er prófessor við King's College í London og einn af þekktustu núlifandi fræðimönnum og menntamönnum Stóra-Bretlands. Rannsóknir hans hafa haft mikla þýðingu fyrir hin ýmsu svið, þ. á m. menningarfræði, gagnrýna kynþáttafræði, félagsfræði, sögu, mannfræði og afró-amerísk fræði.

Holberg-verðlaunin eru alþjóðleg fræðaverðlaun og er verðlaunaféð 6 milljónir norskra króna (sem samsvarar 84 milljónum íslenskra króna). Verðlaunin eru veitt á hverju ári framúrskarandi fræðimönnum á sömu sviðum og Nils Klim-verðlaunin ná til.

Fréttamyndir, æviágrip, álit dómnefnda og ýmsar staðreyndir um verðlaunin er hægt að finna á www.holbergprisen.no.

Tengiliður, Holberg-verðlaunin

Ole Sandmo, samskiptaráðgjafi

Tlf. +47 98 00 18 78

ole.sandmo@holbergprisen.no

Faglegur tengiliður við fjölmiðla

Hafið samband við skrifstofu

Holberg-verðlaunanna